

Notkun eftirlitsmyndavéla hjá Símanum

Ábyrgðaraðili vöktunar

Síminn hf., Ármúla 25, 108 Reykjavík.

Sími: 550-6000

Netfang: siminn@siminn.is

Netfang persónuverndarfulltrúa:
personuverndarfulltrui@siminn.is

Tilgangur vöktunar

Rafræn vöktun með notkun eftirlitsmyndavéla hjá Símanum fer fram í öryggis- og eignavörsluskyni.

Tegundir persónuupplýsinga og heimild til vinnslu

Í tengslum við vöktunina er unnið með myndefni úr eftirfarandi eftirlitsmyndavélum:

- verslunum þar sem sjá má einstaklinga sem farið hafa um hið vaktada svæði og athafnir þeirra, t.d. viðskiptavini,
- utandyra á lóð Símans, n.t.t. við bílastæði og húsnæði Símans, þ.m.t. við innganga (þó ekki á almannafæri),
- innandyra í húsnæði Símans, við inn- og útganga, og við vélarými.

Vöktunin fer fram til að gæta lögmætra hagsmuna Símans.

Varðveislutími myndefnis

Myndefni úr öryggismyndavélum er varðveitt í 30 daga.

Viðtakendur

Myndefnið er einungis aðgengilegt Símanum og vinnsluaðila Símans, Sensa ehf., sem m.a. hýsir myndefnið. Myndefni sem kann að geyma upplýsingar um slys

eða refsiverðan verknað getur jafnframt verið afhent lögreglu og/eða tryggingafélagi eftir atvikum, sé það talið nauðsynlegt.

Að öðru leyti er myndefni ekki afhent öðrum nema á grundvelli heimildar skv. reglum Persónuverndar um rafræna vöktun nr. 50/2023.

Réttindi einstaklinga

Sá einstaklingur sem sést á myndefni á rétt á að skoða það hjá Símanum.

Einnig á sá einstaklingur rétt á að fá afrit af slíku myndefni, eftir atvikum, að því gefnu að það skerði ekki réttindi og frelsi annarra einstaklinga.

Að öðru leyti fer um réttindi einstaklinga skv. lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Beiðni um framangreint skal senda á security@siminn.is.

Réttur til að kvarta til Persónuverndar

Þeir sem sæta rafrænni vöktun eiga rétt á að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd ef þeir telja að vinnsla persónuupplýsinga um sig stangist á við skilyrði persónuverndarlaga. Sjá nánar á www.personuvernd.is.

Gildistími og endurskoðun

Fræðsluefni þetta var síðast uppfært 1. nóvember 2023. Síminn áskilur sér rétt til að uppfæra fræðsluna þegar þörf krefur.